

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Frá umhverfisnefnd.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Sveitarstjórnir í sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku skulu láta meta hættu á ofanflóðum.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Beiðni sveitarstjórnar um gerð hættumats skal berast umhverfisráðherra og skipar hann fjögurra manna nefnd sem stýrir gerð hættumats í viðkomandi sveitarfélagi, hættumatsnefnd. Skulu tveir fulltrúar skipaðir samkvæmt tilnefningu frá sveitarstjórn, en ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar í nefndina og skal annar þeirra vera formaður og hafa oddaatkvæði falli atkvæði jöfn. Hættumatsnefnd ákveður í samráði við sveitarstjórn til hvaða svæða hættumat skuli ná. Hættumatsnefnd kynnir tillögur að endanlegu hættumati í samráði við sveitarstjórn þegar þær berast frá Veðurstofu Íslands og gengur frá hættumati til staðfestingar ráðherra. Ráðherra setur reglur um skipan og starf hættumatsnefndar.

- c. 2. mgr., er verður 3. mgr., orðast svo:

Veðurstofa Íslands annast gerð hættumats á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum ofanflóða að beiðni hættumatsnefndar og skal gerður um það samningur.

### 2. gr.

1. tölul. 1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats, þ.m.t. kostnað við starfsemi hættumatsnefnda skv. 4. gr. og við gerð uppdráttu skv. 6. gr.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að kveðið verði á um skipan og hlutverk hættumatsnefnda í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997. Í reglum um gerð og notkun hættumats, flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra, sem umhverfisráðherra skal setja á grundvelli 4. gr. laganna, skal nánar kveðið á um hlutverk og starf hættumatsnefnda. Rétt þykir að hættumatsnefndir hafi skýra stoð í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og er það markmiðið með frumvarpi þessu.

Samkvæmt frumvarpinu skulu sveitarstjórnir í viðkomandi sveitarfélagi hafa frumkvæði að því að láta meta hættu á ofanflóðum líkt og er í núgildandi lögum. Lagt er til að sveitar-

stjórn óski eftir því við umhverfisráðherra að hættumat verði gert. Hér er um breytingu að ræða frá núgildandi lögum þar sem gert er ráð fyrir að beiðni sveitarstjórnar skuli berast Veðurstofu Íslands. Lagt er til að umhverfisráðherra skipi hættumatsnefnd í framhaldi af beiðni sveitarstjórnar og er henni ætlað að stýra gerð hættumats í viðkomandi sveitarfélagi. Hættumatsnefndum er ætlað stjórnarsýsluhlutverk við gerð hættumats, sem felur í sér að hafa umsjón með vinnu við gerð þess og vera tengiliður sveitarstjórna og Veðurstofu Íslands vegna framkvæmdar við gerð þess. Veðurstofa Íslands annast gerð hættumats samkvæmt gildandi lögum og skal hættumatsnefnd leggja fram beiðni til Veðurstofunnar um gerð hættumats og semja um nánari framkvæmd þess við stofnunina, svo sem um verktíma og kostnað. Lagt er til að hættumatsnefnd ákveði yfir hvaða svæði hættumat skuli taka, í samráði við sveitarstjórn. Þegar tillaga að hættumati berst frá Veðurstofu Íslands skal hættumatsnefnd kynna tillögu að endanlegu hættumati í samráði við viðkomandi sveitarstjórn. Að lokum er lagt til að hættumatsnefnd gangi frá hættumati til staðfestingar ráðherra.

Að síðustu er lagt til að kostnaður vegna starfsemi hættumatsnefnda verði greiddur af ofanflóðasjóði.